



## SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐUR

Kt. 560269-4559 – Sími: 470 2300 – Fax: 472 1588

Pósthólf 15 – Hafnargata 44 – 710 Seyðisfjörður

Netfang: [sfk@sfk.is](mailto:sfk@sfk.is) – Veffang: [www.seydisfjordur.is](http://www.seydisfjordur.is)

### Gjaldskrá fyrir vatnsveitu í Seyðisfjarðarkaupstað

#### 1. gr.

Árlegt vatnsgjald skv. 6. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og 12. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 skal vera:

Vegna eigna skv. a-lið 3. gr. laga nr. 4/1995: 0,320% af fasteignamati.

Vegna eigna skv. b og c -liðar 3. gr. laga nr. 4/1995: 0,445% af fasteignamati.

Gjalddagar vatnsgjalds eru þeir sömu og fasteignaskatts sbr. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 32/2004 og 12. gr. reglugerðar nr. 401/2005.

#### 2. gr.

Aukavatnsskattur sbr. 13. gr. reglugerðar nr. 401/2005.

A) Þegar notkun vatns er mæld samkvæmt mæli í rúmmetrum skal greiða kr. 36 pr. m<sup>3</sup>.

B) Vatn til skipa kr. 324 pr. m<sup>3</sup>. Lágmarksgjald kr. 3.392.

C) Sé vatn ekki selt eftir mæli er heimilt að innheimta aukavatnsgjald sem hér segir:

Af hverri tunnu uppsaltaðrar síldar kr. 43.

Af hverri smálest fiskjar lagðri upp í bræðslu kr. 92.

Af hverri smálest frystra sjávarafurða og landbúnaðarafurða svo og saltfiski kr. 121.

D) Fyrir þvottaplön sem rekin eru til þvottar á bifreiðum t.d. í sambandi við eldsneytissölu skal greiða kr. 36.099 fyrir vatnsnotkun hvern ársfjórðung.

#### 3. gr.

Mælaleiga fyrir:

Að 40 mm. mælir kr. 4.746 á ári.

40-49 mm. Mælir kr. 6.057 á ári.

50-74 mm. Mælir kr. 8.448 á ári

75-99 mm. mælir kr. 13.282 á ári

100 mm. og stærri mælir kr. 20.511 á ári

#### 4. gr.

Aukavatnsgjald samkvæmt 2. og 3. grein er innheimt ársfjórðungslega eftirá.

#### 5. gr.

Gjald fyrir lagningu heimæðar frá götuæð í stofnkрана húss og uppsetningu hans skal vera:

Fyrir hús allt að 400m<sup>3</sup> kr. 175.483. Fyrir hverja 10m<sup>3</sup> umfram 400 m<sup>3</sup> kr. 3.300.

#### 6. gr.

Heimilt er bæjarstjórn / veitustjórn að gera sérstaka samninga um vatnssölu til stórra vatnsnotenda.

#### 7. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 10. gr. laga nr. 32/2004 og 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir vatnsveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar nr. 1288/2015 sem samþykkt var af bæjarstjórn Seyðisfjarðar þann 9. desember 2015.

Samþykkt í bæjarstjórn Seyðisfjarðar 14. desember 2016.

Seyðisfirði 27. desember 2016

Vilhjálmur Jónsson bæjarstjóri